



## Stjórnarfundur FRÍ

Dags: Þriðjudagur, 10. janúar 2023

Fundur: 12. fundur stjórnar 2022-2024

Staðsetning: Salur ÍSí Engjavegi og Zoom

### Mætt:

**Aðalstjórn:** Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, Auður Árnadóttir, Bergþóra Guðjónsdóttir, Freyr Ólafsson, Jóhann Haukur Björnsson.

**Varastjórn:** Björgvin Víkingsson, Eiríkur Mörk Valsson, Hjördís Ólafsdóttir, Kári Steinn Karlsson, Rannveig Oddsdóttir.

**Starfsmenn:** Guðmundur Karlsson, Íris Berg Bryde

Formaður setti fund klukkan 16:30 og bauð fundarmenn velkomna.

### Dagskrá:

#### 1. Fundarboðun

Boðun og dagskrá fundar, samþykkt, sem og fundargerð síðasta fundar.

#### 2. Reglugerðir og breytingar

Fjallað var um athugasemdir sem bárust frá ÍBR, FH, ÍR og UMSS varðandi reglugerðabreytingar og gjaldskrárhækkanir sem kynntar voru nýverið. Gerðar voru athugasemdir við gjalddöku fyrir hlaup, breytt fyrirkomulag við MÍ 11-14 ára, og þá sérstaklega hvað varðar verðlaunaafhendingar.

„Varðandi fyrirkomulag MÍ 11-14 ára var samþykkt að halda keppni í fjölþraut inni og veita

verðlaun fyrir hana líkt og nefnd lagði til, en einnig að bæta við verðlaunum í einstaklingsgreinum, 1.-3. sæti.“

Sérstaklega var rætt um áhrif hækkunar keppnisgjalda á þátttöku landsbyggðarfélaga og möguleika að koma til móts við það. Vilji til þess að efla sjóði sem félög geta sótt í.

Samþykkt var að halda inni 500 kr. skráningargjaldi vegna hlaupa en að öðru leyti var gjaldkera var falið að fara yfir hvaða áhrif gjaldskrárhækkana og breytinga þar að lútandi á rekstur FRÍ og skoða hvort og hvernig hægt væri að mæta þeirri gagnrýni sem barst. Þó var lögð áhersla á nauðsyn aukinnar gjalddöku til að mæta auknum kostnaði. Málið verður tekið fyrir aftur á næsta fundi stjórnar.

### **3. Sókn og stefna ársins**

HB segir frá undirbúningi stóra FRÍ-dagsins sem áætlað er að halda síðar á þessu ári. Vinnan gengur vel og hafa þeir aðilar sem leitað hefur verið til vegna samstarfs tekið vel í það, m.a. Reykjavíkurborg og KSÍ.

Þá var rætt um mikilvægi þess að stefna FRÍ sé skýr, bæði innan og utan sambands. Samþykkt að setja af stað vinnu þess efnis, fyrst í stað innan stjórnar og skrifstofu en áhersla lögð á að fleiri verði kallaðir að borðinu á síðari stigum.

### **4. Önnur mál**

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 18.00

Ritun fundargerðar: Bergþóra Guðjónsdóttir, ritari FRÍ.